

J.S. BACH

JÓLAÓRATÓRÍAN

I-III BWV 248



29. DESEMBER FIMMTUDAGUR KL. 20 - 30. DESEMBER FÖSTUDAGUR KL. 17



Eitt dádasta jólaverk allra tíma flutt á hátíðartónleikum í tilefni af 20 ára afmæli Schola cantorum (1996 - 2016). Þrír einsöngvaranna eru meðlimir kórsins en með hlutverk guðspjallamannsins fer Benedikt Kristjánsson, sem nú er eftirsóttur á þessu sviði um allan heim.

Flytjendur: Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.

Einsöngvarar: Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran, Hildigunnur Einarsdóttir alt, Benedikt Kristjánsson tenór og Fjölur Ólafsson bassi.

Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Miðaverð: 9.500 kr. (úrvalssæti), 6.500 kr. (almenn sæti), 50% afsláttur af lægra verði fyrir nemendur, öryrkja og félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) er skipuð afburðahljóðfæraleikurum sem flestir hafa stundað nám við konunglega tónlistarháskólann í Haag. Barokksveitin hefur margsinis komið hingað til lands á undanförunum árum og flutt stórvirki barokktímans með kórum Hallgrímskirkju og hefur jafnan hlotið ríkulegt lof gagnrýnenda og áheyrenda fyrir leik sinn. Konsertmeistari er Tuomo Suni fiðluleikari frá Finnlandi.

Schola cantorum, sem í ár fagnar 20 ára afmæli sínu, hefur frá upphafi hlotið mikla athygli fyrir fagaðan og tæran söng sinn. Kórinn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og unnið til verðlauna í erlendum keppnum og komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um Evrópu og í Japan. Ný geislaplata kórsins MEDITATIO, gefin út af BIS í Svíþjóð, hefur hlotið frábærar viðtökur og hástemmt lof hjá erlendum gagnrýnendum. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.




HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Eggert Pálsson pákuleikari og Björn St. Sólbergsson leika hátíðarverk eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistarar.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félagar koma öllum í áramótaskapið!

Miðaverð 3.900 kr. 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.



31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR KL. 16.30
(ATH BREYTTAN TÍMA)